

2004 nr. 75 7. júní**Lög um stofnun Landsnets hf.**

Tóku gildi 18. júní 2004. *Breytt með:* L. 30/2008 (tóku gildi 19. apríl 2008; *EES-samningurinn*: IV. viðauki tilskipun 2001/77/EB), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 24/2018 (tóku gildi 15. maí 2018), L. 74/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr., sbr. l. 37/2022, 1. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** eða **umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.

□ [Ráðherra]¹⁾ annast undirbúning að stofnun Landsnets hf. og fer með framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 386. gr.

■ 2. gr.

□ [Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum.]¹⁾ Hlutafélaginu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

¹⁾ L. 30/2008, 12. gr.

■ 3. gr. . . . ¹⁾

¹⁾ L. 24/2018, 8. gr.

■ 4. gr.

□ Landsnet hf. skal frá 1. janúar 2005 annast rekstur þeirra

flutningsvirkja er falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fram að þeim tíma skal það undirbúa reksturinn m.a. með því að koma fram gagnvart eigendum flutningsvirkja við mat á verðmæti slíkra eigna, sbr. ákvæði til bráðabirgða XI í sömu lögum.

□ Heimilt skal að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsneti hf. þegar flutningsvirki skv. 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, hafa verið metin endanlegu mati og fyrir liggur hvort eigendur þeirra kjósa að leggja flutningsvirkin inn í Landsnet hf. sem hlutafé. . . . ¹⁾

¹⁾ L. 74/2021, 19. gr.

■ 5. gr.

□ Í stofnufirlýsingu Landsnets hf. skal mælt fyrir um þau at-riði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

■ 6. gr.

□ Um skattskyldu Landsnets hf. skal fara eins og um skattskyldu annarra orkufyrirtækja.

■ 7. gr.

□ Stofna skal Landsnet hf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2004. Á fundinum skal kjósa stjórn Landsnets hf. og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að lokaniðurstaða verðmats flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í raforkulögum, nr. 65/2003, liggur fyrir. Fram að því tímamarki skal Landsnet hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína.

■ 8. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.